

<p><b>47. fundur svæðisráðs norðursvæðis</b> 21. júní 2017 (13:00-16:30) Haldinn á Húsavík</p>	<p><b>Fundarritari:</b> Guðmundur Ögmundsson</p>	
<p><b>Mættir:</b> Óli Halldórsson, formaður Böðvar Pétursson, varaformaður Arnheiður Jóhannsdóttir (frá og með 5. lið) Ásvaldur Ævar Þormóðsson Grétar Ingvarsson Hjördís Finnbogadóttir Guðmundur Ögmundsson, þjóðgarðsvörður Jóhanna K. Þórhallsdóttir, þjóðgarðsvörður</p>	<p><b>Fjarverandi:</b> Enginn</p>	<p><b>Aðrir fundargestir:</b> Engir</p>

### Dagskrá fundar:

1. Fundur settur og dagskrá samþykkt
2. Gestastofa í Mývatnssveit
3. Samvinna austur- og norðursvæðis um landvörslu á hálendi
4. Samvinna VJP og UST um landvörslu
5. Virkjun við Drekgil – staðan
6. Stjórnunar- og verndaráætlun
7. Gjaldtaka
8. Dettifoss - Staða framkvæmda
9. Önnur mál

### 1. Fundur settur og dagskrá samþykkt

Fundur var settur. Dagskrá var samþykkt með breyttri röðun dagskrárliða.

### 2. Gestastofa í Mývatnssveit

Umræða um bókun stjórnar frá 17. maí sl. Í ljósi vilja stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs til að koma upp gestastofu í Mývatnssveit og ákvæðum reglugerðar þar um, felur svæðisráð þjóðgarðsvörðum að koma á fundi með fulltrúum Skútustaðahrepps þar sem þess verði óskað að hafið verði ákvörðunarferli staðarvals og útfærslu gestastofu, ásamt mögulegri samþættingu við aðra starfsemi.

### 3. Samvinna austur- og norðursvæðis um landvörslu á hálendi

Þjóðgarðsvörður á hálendi greinir frá samstarfi um landvörslu á hálendinu norðan Vatnajökuls. Hefð er fyrir slíku. Undanfarin ár hefur samvinnan verið óformleg en árið 2009 hafði þjóðgarðsvörður á austursvæði yfirumsjón með landvörslu á sama svæði. Í ár verður sambærileg umsjón í höndum þjóðgarðsvarðar á hálendi norðursvæðis og nær yfir landvörslustöðvarnar á Möðrudal, í Krepputungu, Herðubreiðarlindum, Öskju og Ódáðahrauni. Lykilatriði í þessari skipan eru tímabundnar ráðningar sameiginlegs hálendisfulltrúa og yfirlandvarðar á norður- og austursvæðum. Svæðisráð lýsir yfir ánægju með samstarfið við austursvæði og þykir ljóst að mikil samlegð hljótist af og sé til þess fallið að styrkja bæði svæðin.

### 4. Samvinna VJP og UST um landvörslu

Þjóðgarðsverðir greina frá hugmyndum um formlegt samstarf milli Vatnajökulsþjóðgarðs og Umhverfisstofnunar um landvörslu í Mývatnssveit og við Dettifoss að vetrarlagi. Svæðisráði þykir einsýnd samlegð af fyrirkomulaginu og óskar þess við stjórn að hún kanni möguleika á að það verði formgert.

## 5. Virkjun við Drekkagil

Samkvæmt upplýsingum þjóðgarðsvarða eru Neyðarlínan og Ferðafélag Akureyrar (FFA) ásátt um að Neyðarlínan standi að virkjuninni með tilliti til skipulagsferlis og framkvæmdar gegn því að FFA fái aðgang að framleiddri orku. Stjórn VJB tók málið fyrir á fundi sínum þann 17. maí sl. og setti leiðsögn um skipulagsferli málsins í hendur framkvæmdastjóra og þjóðgarðsvarðar svæðisins. Svæðisráð beinir því til stjórnar að hún taki formlega afstöðu til fyrirbyggjandi umsókna þannig að fyrir liggi með óbyggjandi hætti hver verði framkvæmdar- og ábyrgðaraðili. Í ljósi óljósrar orkuþarfar inn í framtíðina, telur svæðisráð í ljósi náttúruverndarhagsmuna afar brýnt að leitað verði skilvirkustu leiða sem völ er á við útfærslu fjarskiptasenda og annars tækjabúnaðar, þannig að orkuþörf verði ekki umfram þann búnað sem tæknileg nauðsyn er á. Í því samhengi óskar svæðisráð þess að þjóðgarðsverðir skoði ákvæði fjarskiptalaga með tilliti til samkeppnismála.

## 6. Stjórnunar- og verndaráætlun

Farið yfir fyrirbyggjandi tillögur þjóðgarðsvarða um athugasemdir við fyrirbyggjandi drög að Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs. Þjóðgarðsvörðum falið að vinna úr athugasemdum svæðisráðs.

## 7. Gjaldtaka

Svæðisráð ítrekar fyrri bókanir um mikilvægi þess að stefna verði mótuð um gjaldtöku. Slík stefnumótun þyrfti að koma fram í stjórnunar- og verndaráætlun. Vegna anna hafa þjóðgarðsverðir ekki náð að vinna drög að slíkri stefnumörkun, líkt og svæðisráð hefur óskað.

## 8. Dettifoss – uppbygging þjónustu

Staða framkvæmda. Svæðisráð lýsir miklum vonbrigðum með tafir á framkvæmdum á þjónustusvæði við Dettifoss að vestan. Ófært er að láta gesti við Dettifoss og ímynd þjóðgarðsins gjalda þess að ekki takist að ljúka nauðsynlegum samningum þannig að fullfjármögnuð framkvæmd þjónustuhúss geti hafist.

## 9. Önnur mál

**Þurrsalerni við Vikraborgir.** Þjóðgarðsvörður á hálendi skýrði frá áformum um þurrsalerni við Vikraborgir sem reisa á í sumar. Um tilraunaverkefni er að ræða, sem vonandi mun bylta viðhorfi til slíkra lausna á landsvísu.

**Nýr stofnanasamningur.** Vatnajökulsþjóðgarður og Umhverfisstofnun undirrituðu í maí sameiginlegan stofnanasamning við Starfsgreinasamband Íslands fyrir hönd Landvarðafélags Íslands. Þjóðgarðsverðir lýstu megininntaki samningsins og ágreiningsefnum sem leysa þarf í kjölfar gildistöku hans.

**Heilsárslandvarsla við Dettifoss.** Þörf á heilsárslandvörslu við Dettifoss er ljós, en ráðningar hingað til hafa eingöngu verið tímabundnar. Svæðisráð leggur áherslu á að fastráðið verði í starfið og á sama tíma verði horft til samvinnu við Umhverfisstofnun, sbr. 4.lið að ofan.

*Fleira ekki rætt og fundið slitið 16:30.*